

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 353

desember 2025



We Serve

Desember 2025. Blað nr. 353
THE LION IN ICELANDIC
Fjölmundæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku,
farsi, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu
Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í
netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka
daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is


Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



Fjölmundæmisstjórn:



Anna F. Blöndal,
fjölmundæmisstjóri. Anna er
félagi í Lionsklúbbum Ylfa. Ef
þú þarft að hafa samband við
hana þá er netfang hennar:
annabl@simnet.is



Thelma Rós Kristinsdóttir,
umdæmisstjóri í 109A.
Thelma Rós er félagi í
Lionsklúbbum Eden og er
með tölvupóstfangið
thelmaros81@gmail.com



Adalsteinn Hallgrímsson,
umdæmisstjóri 109B.
Adalsteinn er félagi í
Lionsklúbbum Vitaðsgjafi.
Netfang Adalsteins er er
hallgrimssona@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2025 – 2026

Fjölmundæmisstjóri: Anna Fr. Blöndal,
Lkl. Ylfa

Umdæmisstjóri 109A: Thelma Rós
Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Umdæmisstjóri 109B: Adalsteinn
Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjölmundæmisritari: Viðir
Guðmundsson, Lkl. Garður

Fjölmundæmisgjaldkeri: Stefán
Arnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölmundæmisstjóri:
Geirþrúður Fanney Bogadóttir,
Lkl. Æsa

Vara fjölmundæmisstjóri: Inga Lóa
Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Protokol- og þingstjóri: Hörður
Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi
Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Laufey
Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir,
Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,
Lkl. Iceland.is

GLT stjóri (menntun og
leiðtogaþjálfun): Jón Pálmason,
Lkl. Viðarr

GMT stjóri: (félagamál): Geirþrúður
Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

GST stjóri: (verkefni) Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-OC nefndarmaður: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Heilbrigðisstjóri: PID Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

IPID – fyrrverandi alþjóða-

stjórnarmaður 2023-2025: Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganefnd (form.): Eldjárn Arnason,

Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarsson,

Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumæmisstjóri 109A: Einar

Hilmarrson, Lkl. Laugdæla

Varaumæmisstjóri 109B: Sigríður

Fríðriksdóttir, Lkl. Hraek

Varaumæmisstjóri (annar) 109A:

Björgvin G. Sigurðsson, Lkl. Dynkur

Varaumæmisstjóri (annar) 109B:

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2025 – 2026:

Alþjóðaförseti A.P. Singh, India;

Fyrrverandi alþjóðaförseti Fabricio

Oliveira, Brazil;

Vara alþjóðaförseti, Mark S. Lyon,

United States;

Annar vara alþjóðaförseti Dr. Manoj

Shah, Kenya.

Þriðji vara alþjóðaförseti Tony Benbow,

Australia.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Bami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,

Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Tychus,

Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Subhash Babu, India;

Nadine Bushell, Trinidad;

Soon-Tak Choi, Republic of Korea;

Liz Crooke, USA;

Debbie Dawson, Canada;

Celina Guimaraes, Brazil;

Nazmul Haque, Bangladesh;

Kuo-Yung Hsu, China Taiwan;

Dr. Mark Mansell, USA;

Drazen Melcic, Croatia;

Ryozo Nishina, Japan;

Niels Schneckner, Romania;

Gary Steele, USA;

Tomoyuki Tanabu, Japan;

Hroar Thorsen, Norway;

Melissa Washburn, USA;

David W. Wentworth, USA.

1000 eintök þegar prentað er. – Pökkun

og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Borg á Mýrum –

Ljósmyndari Haraldar Árni

Haraldsson



Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er þriðja tölublað þessa starfsárs komið út og er það prentað bláð og er eins gefið út í rafrænu formi.

Nú fer að líða að jólum og flestir lionsmenn sem aðrir landsmenn eru að undirbúa komu þeirra. Margir lionsklúbbar hittast á adventunni og halda svokallaða jólafundi þar sem borðaður er „góður“ matur og félagar mæta í sínu finasta þússi. Aðrir klúbbar halda svokallaðar „skötuveislur“ sem tilheyrandi lykt og hátíðlegheitum. Já, það er ýmislegt sem lionsfélagar gera til að ljúsa upp dekksta skammdag fyrir utan að skreyta hús sín með ljósum en aldrei gleymum við því sem skiptir máli að hjálpa þeim sem eiga um sárt að binda. Aldrei gleymum við því að Lions eru líkna- og mannúðarsamtök sem koma til hjálpar þar sem þörf er á hjálp.

Bláðið er að þessu sinni fjölbreytt og greinar frá mörgum klúbbum. Í síðasta blaði var birt vitlaus grein með réttum myndum frá Lionsklúbbum Eik og grein frá Lkl. Kaldá í Hafnarfirði varð útundan. Ritstjóri ber ábyrgð á því að allt sé í lagi í hverju blaði en því miður þá hafa greinar verið að berast seint til ritstjóra og hann því haft minni tíma til að sinna yfirlestrar hlutverki sínu. Ég fer því fram á það við lionsfélaga að virða tímamörk á síðasta skiladegi svo tími vinnist til að fullvinna blaðið svo vel verði. Ég bið Lionsklúbbin Eik og Lionsklúbbin Kaldá afsökunar á þessum mistökum.

Ég þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að senda grein í blaðið. Eins þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfum þessa blads fyrir þeirra framlag.

Að lokum óska ég öllu lionsfólki, fjölskyldum þeirra og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla, árs og friðar og vænti góðs að samstarfi við ykkur öll á næsta ári.

Vinsamlegast sendið greinar á netfang okkar ásamt myndum.

Netfang Lionsbladsins er: lionsbladid@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Breytingar byrja hér

Pistill Alþjóðaforseta



Kæri lionsfélagi,
Sem Lions vitum við að breytingar eru ekki eitthvað sem maður bíður eftir — þær eru

eitthvað sem maður skapar. Við sköpum þær á hverjum degi, á ótal vegu. Hvort sem við erum að fæða hungraða, vernda umhverfið eða veita von og stuðning þeim sem þurfa mest á því að halda, þá erum við lionsfélagar breytingavaldar. Við tölum ekki bara um að gera heiminn að betri stað — við gerum það með því að hjápa öðrum.

Að skapa breytingar krefst öflugar forystu og innblásinnar þjónustu, og saman búum við yfir þessum eiginleikum. Við leiðum með samkennd, störfum af markvissu tilefni og hvetjum aðra til að ganga til liðs við okkur í að byggja hjartari framtíð fyrir alla.

Með MISSION 1.5 eru lionsfélagar um allan heim að bjóða nýja félaga velkomna til að taka þátt í þessu starfi. Hver nýr lionsfélagi eykur getu okkar til að hafa áhrif, með ferskum hugmyndum, orku og nýjum sjónarhornum. Eftir því sem við vöxum eykst einnig geta okkar til að skapa varanleg áhrif sem geta umbreytt samfélögum okkar og heiminum.

Á þessu lionsári erum við að knýja fram raunverulegar breytingar á geðheilbrigði og velliðan, baráttunni gegn hungri og í umhverfismálum með „Þjónustuvikum um málefnið?“. Þessar þrjár sérstöku vikur endurspeglar sameiginlegan styrk okkar og sýna heiminum hvað Lions geta áorkað.

Höldum áfram að leiða með hugrekki og þjóna af hjarta — og skapa þannig breytingar sem skipta raunverulega máli.

Saman þjónum við.

A.P. Singh

A.P. Singh
alþjóðaforseti Lions

Þýðing: Þorkell Cýrussón



Jólaþveðja frá umdæmisstjórum í umdæmi 109-A



Kæru lionsfélagar,
Og eins og hendi væri veifað er desember runninn upp með öllum sínum fallegu jólaþjósum sem færa okkur birtu, yl og von í skammdeginu.

Desember getur verið annasamur tími hjá okkur öllum, og viljum við – umdæmisstjórnarnir – lýsa innilegu þakklæti fyrir hvað Lionsfélagar og Lionsklúbbar í umdæminu eru ótrúlega duglegir að undirbúa fjölbreytt verkefni og fjáraflanir fyrir komandi jólahátíð. Margir

klúbbar standa fyrir fallegum og mikilvægum verkefnum á þessum árstíma: jólabíngó, jólaböllum fyrir unga sem aldna, sölu á jóla-krönsum, jóladagatölum, leiðisgreinum og svo mætti lengi telja. Hjartans þakkir fyrir ykkar óeigingjarna starf – þið standið ykkur frábærlega.

Við höfum verið á fullu undanfarna mánuði að heimsækja klúbba um allt umdæmið, og það hefur verið einstakt ánægjuefni að koma til ykkar. Alls staðar sem við stígum inn er

starfið blómlegt, fjölbreytt og fullt af gleði. Klúbbarnir í umdæminu standa sterkir, með góð verkefni, samhenta félaga og skemmtilega fundi. Það hefur verið okkur sannur heiður að fá að upplifa hlýjuna, samstöðuna og þjónustuandann sem einkennir Lionsstarfið. Við hlökkum til að halda áfram klúbbaheimsóknum eftir áramótin og fá að kynnst enn fleiri frábærum klúbbum og verkefnum.

Að lokum viljum við óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Megi jólnin færa ykkur frið, kærleika og góðar stundir með ykkar nánustu. Megi nýtt ár verða ykkur öllum gæfuríkt – fullt af tækifærum, góðum verkum og áframhaldandi öflugum Lionsstarfi.

Með hlýjum jóla- og nýárskeðjum,

Thelma Rós Kristinsdóttir,
umdæmisstjóri 109-A

Einar Hilmarsson,
varaumdæmisstjóri 109-A

Björgvin G. Sigurðsson,
annar varaumdæmisstjóri 109-A

Skilafrestur á efni í næsta blað er 5. febrúar

Fjölumdæmisstjóri

Anna Fr. Blöndal,
fjölumdæmisstjóri



Kæru lionsfélagar. Nú er aðventan gengin í garð og flestir að njóta þess sem þessi dimmasti mánuður ársins býður uppá, jólaljósinn og jólalögin ásamt ýmskonar viðburðum t.d. tónleikum að ógleymdum öllum jólamörkuðunum. Margir lionsklúbbar eru með verkefni tengd aðventu og jólum og það er ánægjulegt að renna í gegnum Lions mál og sjá færslur og myndir frá klúbbunum frá því sem þeir eru að gera í aðdraganda jóla. Eitt af þeim verkefnum er lýsing og skreytingar á leiði í Kirkjugördum víða um land, falleg og þakklát verkefni því á jólum söknum við jafnvel ættingja og vina sem fallnir eru frá meira en í annan tíma. Jólin eru jú tími samveru með fjölskyldu og vinum. Einnig eru fjölmörg verkefni sem snúa að því að leggja lið þeim sem minna mega sín og þurfa á aðstoð að halda. Fjáraflanir og líknarstarf klúbba miðar jú að því að leggja lið í samfélaginu og þá ekki síst á jólum. Ég vil minna ritara allra klúbba á að skrá verkefnin sín inn á Lion Portal og ef aðstoðar er þörf að leita aðstoðar hjá GLT-leiðtoga- og fræðslu-

teyminu. Teymin okkar eru boðin og búin að aðstoða og gera það með mikilli gleði. Það er svo gaman að sjá hvað verið er að fást við í klúbbunum okkar.

Á síðustu vikum höfum við í stjórn hreyfingarinnar haft í nógu að snúast, annar fundur umdæma og fjölumdæmis var haldinn að Hamri í Borgarfirði 15. nóvember Góður fundur, vel mætt og rædd Lions mál. Það er árangursríkt að hittast þar sem enginn fer heim og hægt er að eiga spjall utan formlegs fundar, skiptast á skoðunum og næra vináttuna.

Síðan tók við heimsókn Alþjóðaforseta Lions A.P Singh og Sangeetu Jatia fyrrverandi stjórnarkonu í Alþjóðastjórn með fjölbreyttri dagskrá þrjá daga. Þau funduðu með stjórn og embættismönnum okkar og ræddu félagamál og einnig var fundað með yngri lionsfélögum um þeirra sýn á lionsstarfið. Á opnu húsi í Lionsheimilinu var vel mætt og þar voru einnig mættir átta nýir félagar sem fengu hvatningu og merki frá Alþjóðaforseta. Við fögnum þessum nýju félögum og bjóðum þau velkomin í Lionshreyfinguna okkar góðu samtök.

Jólin gefa okkur einstakt tækifæri til að horfa með þakklæti yfir liðinn tíma, njóta augnabliksins og líta björtum augum til framtíðar. Á þessum tíma árs leggja margir sig fram um að gleðja aðra og deila hamingjunni. Kannski er það einmitt jólagleðin sem hvetur okkur til að leggja mikið á okkur á þessum tíma og styðja þannig fólk sem á erfitt.

Kæru lionsfélagar, megið þið njóta jóla, gleði og dýrmætrar samveru með fjölskyldu og vinum. Ég sendi ykkur hlýjar jólaóskir og þakka kærlega fyrir ykkar starf á árinu við verkefni sem bæta líf fólks sem þarfnast aðstoðar og ykkar starf skiptir máli alla daga ársins – ekki síst á jólum.

Með bestu jólakveðjum til ykkar og fjölskyldna ykkar



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Umdæmisstjóri 109 B Áfram gakk

Aðalsteinn Hallgrímsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Þegar þetta er skrifað er Lions-árið okkar að verða hálfnað, margt hefur gengið afar vel. Starfið hefur verið kraftmikið víða um B-umdæmið og ég hef átt góð samskipti við klúbbana, með heimsóknum, tölvupóstum og símtölum.

Heimsóknir í klúbba hafa þó orðið færri en ég hafði vonast til, en nú eru nokkrar heimsóknir komnar á dagskrá, hlakka ég til að hitta félagana og eiga uppbyggilegt spjall um Lions starfið. Það er sérstaklega ánægjulegt að finna þann aukna kraft sem hefur komið inn í starf margra klúbba í vetur.

En eins og oft áður eru einnig nokkrir klúbbar að glíma við áskoranir. Félögum hefur fækkað og sumir eiga erfitt með að fá nýja féлага til liðs við sig. Ánægjulegt dæmi er um góðan árangur í félagafjölgun þegar Lkl. Búðardals boðaði til kynningarfundar fyrir nýja féлага. Þar mætti ég ásamt Sumarliða Ásgeirsyni, útbreiðslustjóra, fórum við yfir hvað Lions

hreyfingin stendur fyrir og hvers vegna starf okkar skiptir máli. Fundurinn var vel sóttur, umræður góðar og nú eru miklar líkur á að nokkrir nýir félagar gangi til liðs við Lions — sem er afar ánægjulegt.

Fjölgunar mál eru alltaf á dagskrá og verður það eitt af aðal áherslum mínum í heimsóknum til klúbba á þessum vetri að taka föstum tókum aðferðir við leit að nýjum félögum. Stofnun nýrra klúbba er líka á dagskrá en það er langtíma verkefni og þarfnast meiri undirbúnings.

Umdæmisfundur var haldinn 15. nóvember á Hótel Hamri. Mæting var mjög góð og margar áhugaverðar skýrslur og kynningar voru fluttar. Fundurinn sýndi svo ekki verður um villst að öflugir félagar, góð samvinna og sameiginleg framtíðarsýn eru burðarásar Lions starfsins.

Einn af hápunktum vetrarstarfsins var án efa heimsókn Alþjóðaforseta Lions, A.P. Singh. Slík heimsókn er mikil viðurkenning fyrir Lions starfið á Íslandi og endurspeglar þann metnað og þá jákvæðu þróun sem á sér stað innan hreyfingarinnar hér á landi.

Á fundum sínum með félögum lagði A.P. Singh áherslu á mikilvægi þjónustu, samstöðu og nýrra leiða til að efla starf Lions. Hann hvatti okkur til að standa þétt saman, taka vel á móti nýjum félögum og halda áfram að rækta þau gildi sem Lions byggir á: mannúð, hjálpssemi og samfélagslega ábyrgð.

Á meðan á Íslandsheimsókn A.P. Singh stóð átti hann einnig formlegan fund á Bessastöðum með forseta Íslands. Fundurinn fór afar vel fram og var hlýr og uppbyggilegur.

Forseti Íslands sýndi starfi Lions einlægan áhuga og velvilja og lagði áherslu á mikilvægi þeirra verkefna sem félagarnir vinna ár hvert. A.P. Singh þakkaði fyrir hlýjar móttökur og

hrósaði íslenskum Lions félögum fyrir öflugt, einlægt og metnaðarfullt starf.

Eitt af verkefnum hvers umdæmisstjóra er að sjá til þess að manna stjórn og embætti, núna er staðan sú að mig vantar góðan féлага til að taka að sér 2. vara umdæmisstjóra. Vil ég hér og nú hvetja alla sem vilja taka þátt í starfi Lions og hafa gaman að kynnast fjölbreyttu starfi, vera í samskiptum við skemmtilegt fólk, ferðast bæði hérlandis og erlendis og ögra þæginda rammanum. Ef þetta er eitthvað sem þú lesandi góður hefur áhuga á vil ég endilega heyra í þér.

Ég vil að lokum færa öllum Lions félögum kærar þakkar fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkar vil ég senda frábæru stjórn minni fyrir ómetanlega hjálp, gott samstarf og sterkan liðsheimildaranda. Með ykkar stuðningi verður starf Lions bæði kraftmeira og markvissara.

Ég óska ykkur öllum, fjölskyldum ykkar, gleðilegra jóla, farsældar á nýju ári og friðar í hjarta og huga.

Megi nýtt ár færa ykkur gleði, styrk og innblástur til að halda áfram að gera góð verk – saman.

Góð samskipti – Góður árangur





Jólaþveðja til lionsfélaga frá LCIF teyminu

Kæru lionsfélagar.

Á þessu starfsári hvetur Alþjóðahjálparsjóðsteymið á Íslandi, Lionsklúbba og félagi til að styðja börn í neyð. Það er þyngra en tárur taki að heyra um hörmungar sem skekja samfélög víðsvegar í heiminum – hörmungar sem oft eru af völdum náttúrunnar en því miður allt of oft af mannanna völdum. Þeir sem verst verða úti í hamförum eru börnin. Börnin sem eru framtíðin okkar!

Mannúðaraðstoð í sinni víðtækustu mynd er mikilvægasta verkefni Lions. Alþjóðahjálparsjóður Lions er gríðarlega mikilvægur á heimsvísu. Fjárhagslegt bolmagn hans og stuttur viðbragðstími þegar hamfarir verða geta skipt sköpum. Þess vegna þurfa Lionsfélagar um allan heim að styðja sjóðinn, ekki bara einu sinni heldur jafnt og þétt.

Jólin eru boðskapur um kærleika, ljós og frið. Flestir finna sterkt til samkenndar á þessum árstíma og rétta gjarnan fram hjálparhönd til þeirra sem minna mega sín – ekki síst þegar börn eiga í hlut. Allir ættu að geta haldið gleðilega hátíð.

Kæru Lionsfélagar. Hafið þökk fyrir framlög ykkar til Alþjóðahjálparsjóðs Lions það sem af er þessu starfsári - framlög sem bæta lífsgæði margra sem eru í neyð. Bestu óskir um gleðilega hátíð. Megi þið njóta samveru með fjölskyldu og vinum.

Björn, Anna og Geirprúður

MedicAlert á Íslandi



MedicAlert hefur verið starfandi á Íslandi, undir verndarvæng Lions, í 40 ár eða frá árinu 1985 og merkisberum fjölgar jafnt og þétt. Í mars á þessu ári var fjárfest í nýrri leiservél frá Gravotech í Danmörku. Sæunn og Kolfinna fengu kennslu á tækið sem notað er til að grafa upplýsingarnar á merkin.

Sæunn var ráðin í hálftr starf frá janúar á þessu ári. Hún tók við af Magneu sem fór til annara starfa. Eitt af verkefnum Sæunnar er að gera MedicAlert sýnilegra og kynna það fyrir fleirum.

Með þetta að markmiði hefur verið settur aukinn kraftur í fréttir á heimasíðunni og á samfélagsmiðlum. Einnig hefur ýmsum hópum verið boðið í heimsókn eða að fá heimsókn frá okkur. Má þar nefna vísindaferð læknanema í byrjun árs og heimsókn frá Slysavarnaskólanum í nóvember. Í desember höfum við fengið boð um kynningu hjá Blindrafélaginu og Mannréttindahúsi vill líka fá kynningu.

Á næsta ári verðum við enn öflugri og erum búin að bóka Þór Steinarsson stjórnarformann MedicAlert hjá Rauðakrossinum. Þar verður hann með kynningu sem verður hluti af fræðslu og endurmenntun leiðbeinenda í skyndihjálpi. Um er að ræða rúmlega 300 leiðbeinendur sem eru dreifð um allt land. Við höfum trú á því að þetta sé ein af okkar bestu leiðum til að kynna MedicAlert.

Þór, Magga og Anna Kristín ætla svo að taka á móti hjúkrunarfræðinemum í janúar á næsta ári og læknum í apríl. En þetta er bara það sem við erum þegar búin að bóka nú þegar.



Merkin

Þegar merki hefur verið pantað og greitt fer það í vinnslu. Skráning upplýsinga fer fram á skrifstofu MedicAlert. Læknir kemur einu sinni í viku til að lesa yfir allar nýjar umsóknir til að ganga úr skugga um að skráningar séu eins og best verður á kosið. Þá er grafið á merkin og prentuð veskisspjöld og bréf sem afhent eru með merkjunum.

Merkin eru fjölbreytt og úrvalið er hægt að skoða á heimasíðunni okkar www.medicalert.is eða koma í heimsókn til okkar í Hlíðarsmára 14 í Kópavogi. Þar er hægt að máta og fá persónulega aðstoð. Fylla þarf út umsókn og eftir að búið er að greiða fyrir merkið þá líða aðeins nokkrir dagar þar til merkið, og kort sem hægt er að hafa í veski, eru tilbúin.

Hver og einn merkisberi er með merki sem aðeins tilheyrir honum. Númer merkisberans er grafið á plötuna og þar er einnig að finna 800 númer sem hægt er að hringja í allan sólarhringinn alla daga ársins. Þegar hringja þarf í 800 númerið er númer merkisberans gefið upp. Upplýsingum viðkomandi, sem eru vistaðar hjá bráðamóttöku Landspítalans, er þá flett upp.

Að endurheimta skurðlæknaþjónustu í Bowmanville Eftir Shelby Washington

Lakeridge Health Bowmanville (LHB) í Ontario, Kanada, er staðráðið í að veita hágæða skurðlækningaþjónustu fyrir alla í þessu stækkandi og fjölbreytta samfélagi, óháð bakgrunni eða fjárhagsstöðu.

Hins vegar stóð spítalinn frammi fyrir alvarlegri áskorun. Kviðarholsspeglunarbúnaður þeirra, sem er mikilvægur fyrir greiningu og meðferð á kviðar- og grindarbotnssjúkdómum með minni inngripum og styttri bata, var orðinn óreiðanlegur eftir margra ára mikla notkun. Tækið hafði farið fram úr þjónustulíftíma sem framleiðandi mælti, sem leiddi til óskýrra mynda og bilana sem gerðu nákvæmar skurðaðgerðir sífellt erfiðari. Skurðlæknar LHB stóðu daglega frammi fyrir áskorunum við að veita sjúklingum þá umönnun sem þeir áttu skilið.

Lions á District A3 stigu inn til að hjálpa. Lionsklúbbarnir í Bowmanville og Newcastle söfnuðu 103.258 Bandaríkjadöllum og Lions Clubs International Foundation (LCIF) lagði til 149.267 Bandaríkjadala LCIF Matching Grant styrk. Með þessum fjármunum gat LHB keypt nýjan kviðarholsspeglunartæki og tækjasett — tækni sem endurheimti nákvæmni, áreiðanleika og öryggi í skurðstofunni.

Með uppfærðum búnaði getur skurðteymi LHB haldið áfram að framkvæma um 600 minniháttar skurðaðgerðir á ári, auk bráðaaðgerða utan dagvinnutíma. Aðgerðir eru nú öruggari, hraðari og skilvirkari, sem gerir sjúklingum kleift að ná sér fyrir og snúa aftur til daglegs lífs með minni verkjum og örum.

Þökk sé rausn Lions geta skurðlæknar veitt framúrskarandi heilbrigðisþjónustu beint í Bowmanville. Sjúklingar þurfa ekki lengur að ferðast til að fá háþróaðar skurðaðgerðir; þeir geta fengið bestu mögulegu þjónustu í sínu eigin samfélagi.

Matching Grants veita fjármagn til að koma á fót eða stækka mannúðarverkefni Lions sem taka á mikilvægustu og fjölbreyttustu félagslegu og mannlegu þörfum um allan heim. Lestu meira á lionsclubs.org/matching-grant.

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Hvað sögðu AP Singh forseti og Sangeeta Jatia um heimsóknina til Íslands?

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrrverandi Alþj. forseti Lions



Heimsókn

Heimsókn alþjóðaforseta Lions er mikilvægur viðburður í hverju landi og er beðið með mikilli eftirvæntingu. Forsetinn getur ekki heimsótt öll löndin 200, svo hann velur af kostgæfni þau Lionslönd sem skipta máli. Heimsókn forsetans til Íslands hefur verið árlegur viðburður um langt skeið. Hvað dregur að? Meðal annars, að á Íslandi eru flestir félagar á höfðatölu landsmanna, það vekur forvitni, hvernig er þetta hægt? Það vekur líka athygli að íslenskir Lions-leiðtogar eru mjög virkir í Evrópsku og alþjóðlegu starfi. Framlag okkar til LCIF hefur aukist mjög frá því sem áður var, og var með því besta í Evrópu í síðasta sjónverndarátaki. Forseti Íslands er verndari Lions á Íslandi, sem er mikill heiður og mikill styrkur fyrir okkur.

Kveður og umsögn

Hlutverk forsetans er uppfærða og hvetja Lionsfélaga, að kynnast störfum klúbba og verkefnum þeirra.

Auk þess að hitta þjóðarleiðtoga eða ráðamenn í hverju landi, til að kynna störf Lions og að skapa tengsl. Þá er mikilvægt að hitta fjölmiðlafólk og koma Lions í viðkomandi landi á framfæri.

AP Singh og Sangeeta Jatia heimsóttu marga klúbba og hittu marga Lionsfélaga. Þau fóru í móttöku á Bessastöðum og frétt um heimsókn þeirra birtist í Morgunblaðinu.

Áður en þau fóru frá landinu, skildu þau eftir hjá mér kveður og umsögn um komu þeirra hingað, sem þau báðu mig um að koma á framfæri við Lions á Íslandi og skila góðum kveðjum og þakklæti fyrir góðar móttökur og eftirminnilega heimsókn. Textinn þeirra kemur hér á eftir:



Þetta sögðu AP og Sangeeta:

Að hitta forseta Íslands var einstök upplifun og mikill heiður. Það kom á óvart að það var engin öryggisgæsla, engin járnhlið, engin leit, engin röð af aðstoðarmönnum – hún hittir gesti sína beint, ræðir mál sem hún telur að gætu vakið áhuga þeirra og lætur þeim líða vel hjá sér og á Íslandi. Hún er sannarlega forseti fólksins. Hún lýsti sterkum skoðunum sínum á nauðsyn þess að brúa kynslóða- og kynjabilið og auka fjölbreytileikann. Samtalið snerist um Lions, um Indland, um sérstök verkefni Lions svo sem „andlega heilsu og vellíðan“. Hún haldi Lions á Íslandi fyrir það mikilvæga starf sem þau sinna í heimabygð og um allan heim.

Lions á Íslandi er með einstaka stöðu, því þéttleiki Lionsfélaga miðað við íbúafjölda er sá hæsti í heiminum — 0,4% af heildaríbúafjölda landsins eru félagar í Lionsklúbbum. Lionsklúbbar á Íslandi eru mjög virkir og sýna hugvitsemi í fjáröflun og verkefnum til að bæta samfélagið. Það fer líka gott orð af leiðtogum Lions á Íslandi, en þeir hafa látið til sín taka í Evrópu og á heimsvísu, en fyrsta kona sem varð alþjóðaforseti kom frá Íslandi.



Við fengum tækifæri til að heimsækja Lionsklúbba og læra um verkefni þeirra, m.a. sykursýkismælingar sem Lionsklúbbarnir Fold og Fjörgyn í Grafarvogi stóðu fyrir. Við tókum þátt í að afhenda styrk til hljóðfærakaupa, frá Lionsklúbbnum Eik í Garðabæ til Tónlistarskóla Garðabæjar í viðurvist bæjarstjórans Almars Guðmundssonar.

Við heimsóttum Heyrnar- og Talmeinstöð Íslands og fengum góða kynningu á starf-

seminni og miklar þakkir til Lions fyrir veittan stuðning, en Lionsklúbbarnir Njörður og Víðarr gáfu þeim mikilvæg mælingartæki með stuðning Alþjóðahjálparsjóðs Lions.

Við heimsóttum Lionsklúbb Sandgerðis í hús þeirra, sem er elsta húsið í bænum, byggt árið 1882 úr viði sem fékkst úr skipsflaki, en Lionsklúbburinn gerði húsið upp 1974. Þar hittum við líka félagar frá Lionsklúbbunum í Garði, Keili í Vogum, Æsu í Njarðvík, Freyju í Keflavík og Lionsklúbbi Njarðvíkur, en klúbbarnir kynntu okkur verkefni sín, sem sýndi líflega starfsemi og magnaðan kraft.



Á Íslandi er það forréttindi að planta tré þar sem alþjóðaforsetar Lions hafa gert það síðan 1997. Þetta er verkefni Lionsklúbbsins Ásbjarnar Hafnarfirði, sem hefur breytt heilu svæði úr hrjóstrugu hrauni í fallegan skóg. Lions á Íslandi vinna mikilvæg umhverfisverkefni og hugsa vel um sitt hreina og fallega landið. Við fengum skemmtilega fræðslu um íslenska náttúru í heimsókn okkar í Bláa Lónið, sem er eitt af undrum veraldar.

Í LIONSHEIMILINU eyddum við tíma með Lionsfélögum frá ýmsum stöðum af landinu. Við hittum ýmsa hópa og leiðtoga og ræddum meðal annars um aðferðir til að vaxa og þjóna á skilvirkari hátt. Við hittum einnig hóp ungra félaga til að fræðast um sjónarmið þeirra og ræða tækifæri til tengslamyndunar á heimsvísu. Ástríða Lions fyrir að leggja lið í samfélögum sínum og vináttuböndum milli heimsálfa er svo augljós.“

Texti frá AP Singh og Sangeeta Jatia






Leiðtogaskóli Lions 2026

Vertu sterkari einstaklingur og leiðtogi!

**„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér.
Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar
spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“**

Lee Warren kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2026

6, 7. og 8. mars 2026, þriggja daga
helgi og hefst kennsla 12.30
föstudaginn 6. mars.

Staður: Ánni, Skipagötu 14, Akureyri

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2026.

*Mörg stéttarfélög endurgreiða hluta
þáttökugjalds eða allt.*

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði reyndir og óreyndir félagar á öllum aldri, stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. Þetta er mjög þroskandi nám sem eflir þig sem einstakling og starfsmann. Kennt er á íslensku með íslenskum gögnum.

Markmið námsins: Að þjálfra einstaka leiðtogahæfileika til að yfirstíga hindranir og búa til tækifæri til framfara.

Helstu námsgreinar: Fjölbreytileiki//Að virkja og hvetja//Þátttaka í teymi//Markmiðasetning//Að leysa ágreining//Innleiðing breytinga//Áhrifaríkur ræðuflutningur//Bakland Lions//Tímastjórnun//Virk hlustun og samskipti//Eigin markmiðsyfirlýsing//Skapandi hugsun.

Skráning og frekari upplýsingar: á www.Lions.is undir Viðburðir:
<https://www.lions.is/is/vidburdir/leidtogaskoli-lions-2026-rlli>.

Vertu stjórnandi framtíðar!

**Náðu árangri! ... Vertu í fararbroddi í samfélaginu!
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

Lionsklúbburinn Kaldá

Starfsárið hófst með ferð austur fyrir fjall þar sem félagar heimsóttu tvö fyrirtæki sem þar starfa. Þau eru Uppspuni og „Tré og list“. Klúbburinn fékk mikla fræðslu og framúrskarandi fallegar móttökur. Síðan var haldið að Hótel Örk þar sem fyrsti fundur starfsársins var haldinn og snæddur málsverður.

Fundur októbermánaðar var svokallaður PÁLÍNUFUNDUR þar sem félagar klæddust bleiku, komu með veitingar og nutu samvista. Á þann fund heimsótti okkur góður gestur, Kolbrún Karlsdóttir sem er stofnandi Bergheima á Sólheimum. Bergheimar voru staður þar sem langveikt fólk og fólk með krabbamein gat sér að kostnaðarlausu dvalið þar í viku í senn.

Við höfum í nokkur ár verið með blóðsykurmælingar fyrir hinn almenna borgara ásamt Lionsklúbb Hafnarfjarðar og Lionsklúbbnum Ásbirni. Mjög góð mæting er í blóðsykurmælinguna og almenn ánægja.

Bingó höldum við ásamt Lionsklúbbnum Ásbirni á Hrafnistu í Hafnarfirði, þar aðstoðum við heimilistólk við bingóin og báðir klúbbarnir gefa vinninga.

Í haust höfum við verið með sölu á gulrótum og gulrófum til fjáröflunar. Ýmislegt gerum við okkur til gamans.

T.d. fjölmenntum við í kvikmyndahús og horfðum á „Eldana“. Í fyrravetur var stofnaður bókaklúbbur innan klúbbsins af Jórinni Jörundsdóttur og er frjáls mæting.

Í maí á næsta ári ætla Lionsklúbburinn Kaldá að fjölmenna til Færeyja. Mikill spenningur er fyrir þeirri ferð.

ÞAÐ ER GAMAN OG GEFANDI AÐ STARFA MEÐ LIONS.

Með bestu kveðju Guðrún Benediktsdóttir Lionsklúbbnum Kaldá



Nýir félagar – Nýir klúbbar – Nýjar hugmyndir

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrirverandi Alþj. forseti Lions



Talið frá vinstri: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Steinþór Ásgeirsson, Sigurlaug Helgadóttir, Soffía Karlsdóttir, Guðmundur Jónsson, Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, Agnes Björnsdóttir og Vilhjálmur Jónsson.
Lkl. EIR Reykjavík: Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir og Agnes Björnsdóttir.
Lkl. Harpa Stykkishólmi: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir.
Lkl. Laugardals: Vilhjálmur Jónsson.
Lkl. Muninn Kópavogi: Guðmundur Jónsson.
Lkl. Ýr Kópavogi: Sigurlaug Helgadóttir og Soffía Karlsdóttir.
Nýr Lionsklúbbur: Steinþór Ásgeirsson.

Hjartanlega velkomin

Við bjóðum nýja félaga hjartanlega velkomna í Lions. Þið eruð í góðum félagssskap. Lionsfélagar eins og þið, láta gott af sér leiða og takast á við áskoranir í samfélaginu, um allan heim. Þið munið komast að því að það eru margar leiðir til leggja lið og sömuleiðis margar leiðir til að vaxa sem einstaklingur og sem Lionsfélagi. Í Lions öðlist þið félagslega þjálfun; Lions býður upp á fjölbreytt félagslíf, fræðslu, skemmtanir, verkefni, fundi og ferðalög með vinum og fjölskyldum.

Inntaka nýrra félaga

Alþjóðaförseti AP Singh sem var á Íslandi 22.-24. nóvember óskaði sérstaklega eftir því að taka inn nýja félaga í heimsókn sinni. Í OPNU HÚSI, þegar forsetinn var boðinn velkominn til Íslands, voru 8 nýir félagar teknir inn, sem hann heiðraði sérstaklega og bauð velkomna í Lions. Þeir voru frá Lionsklúbbum Eir í Reykjavík, Hörpu Stykkishólmi, Muninn Kópavogi, Ýr í Kópavogi, Lionsklúbbi Laugardals og nýjum Lionsklúbbi á höfuðborgarsvæðinu.



Nýir félagar – Ný orka

Nýir félagar færa með sér nýja orku, ný viðhorf, nýjar hugmyndir og nýja nálgun. Þetta hjálpar klúbbum að þróast, laga sig að samfélaginu og halda starfseminni lifandi og skapandi. Klúbbar

þurfa nýja félaga til að halda starfseminni gangandi. Þegar félagarnir eldast eða þegar þeim fækkar í klúbbum, þá minnkar geta klúbbsins til að sinna störfum sínum og kraftur klúbbsins dalar

Fleiri félagar – Sterkari klúbbur

Stærri klúbbar hafa meiri mannskap til að sinna stærri og áhrifameiri verkefnum. Því fleiri sem taka þátt, því betri árangur, m.a. í fjárflynum og í stærri verkefnum klúbbsins. Auk þess verða áhrif klúbbsins í samfélaginu sterkari. Til þess að Lions geti starfað áfram, þarf nýtt fólk að taka við af þeim sem hafa staðið vaktina lengi. Nýliðun tryggir að hefðir, gildi og verkefni Lions haldist til framtíðar. Sterkur og virkur klúbbur er sýnilegri og hefur meiri áhrif í bæjarfélaginu — sem aftur laðar að fleiri félaga og samstarfsaðila.

Nýir klúbbar eru nauðsynlegir

Það eru nokkrar ástæður fyrir því að nauðsynlegt er að stofna nýja Lionsklúbba, jafnvel þó að eldri klúbbar starfi vel. Nýir klúbbar styrkja bæði Lions og samfélagið. Þeir ná til nýrra svæða og samfélagshópa; nýr klúbbur getur starfað á svæði þar sem enginn klúbbur er, eða meðal hópa sem hafa hingað til ekki tekið þátt.

Í nýjum klúbbum er oft mikið drifkraftur, nýsköpun, ný nálgun á verkefni og ungt fólk eða fólk með nýja reynslu.

Nýir klúbbar lifga upp á Lions í heild.



Aukin fjölbreytni

Nýir klúbbar laða oft að sér fólk á öðru aldurskeiði, fólk af ólíkum uppruna og fólk með fjölbreytta fagþekkingu.

Þetta eykur styrk og breidd Lions sem

alþjóðlegra samtaka. Nýr klúbbur vekur athygli í sveitarfélaginu, í fjölmiðlum, hjá ungu fólki og samstarfsaðilum. Aukin sýnileiki dregur fleiri að og eykur traust. Að stofna nýja klúbba er ein besta leiðin til að tryggja að Lions starfi öflugt til framtíðar.

Minna álag

Eldri klúbbar geta átt erfitt með hefðbundna starfsemi, samfélagsverkefni og nýliðun. Eldri klúbbar vilja halda í sínar hefðir, sem ekki alltaf henta nýjum eða yngri félögum. Eldri klúbbar hafa tilhneigingu til að minnka af þessum ástæðum og við missum of marga klúbba, því þeir geta ekki endurnýjað sig. Nýr klúbbur á sama svæði getur tekið við hluta verkefna, unnið í samstarfi og dreift álaginu. Þetta styrkir alla starfsemi Lions.

Mission to Grow

„Hlutverk okkar er að vaxa“. Mission 1.5 setti það markmið að Lions yrði 1.5 milljón félagar fyrir 2027.

Við erum í dag um 1.4 milljónir og höfum verið það lengi. Lions leggur lið, og þörfin fyrir okkar þjónustu vex.

Mission 1.5 felur ekki í sér bara hvatningu til að fjölga félögum og stofna nýja klúbba. Þetta er fyrst og fremst hvatning til að vaxa og styrkjast. Við getum öll stefnt að þessum markmiðunum og styrkt hreyfinguna okkar.

Til að hreyfingin haldi áfram að dafna þarf stöðuga nýliðun, nýja klúbba og nýja leiðtoga. Við viljum vaxa.





Desember – myndasíða

■ Bryndís Ragnarsdóttir

■ Dagný Finnsdóttir

■ Haraldur Á. Haraldsson





Emblupistill

Starfsárið hjá okkur í Lkl. Emblu byrjaði með óvissuferð um sveitir Árnessýslu. Fyrsta stopp var í Skeiðaréttur þar sem við hresstum upp á mannskapin í föstu og fljótandi, þaðan héldum við að Gunnbjarnarholti en þar er rekið næst stærsta kúabú landsins. Þar tók á móti okkur Berglind Bjarnadóttir húsmóðir og meðeigandi, sýndi hún okkur þetta tæknivædda fjós þar sem hugsað er fyrir öllu og virðist fara mjög vel um gripina, að lokum bauð hún upp á veitingar. Við enduðum svo þennan skemmtilega dag með að snæða kvöldverð í Vínstofunni í Reykholti, þeim dásamlega stað. Á þessu starfsári ákvað stjórnin að hafa annan hvorn fund óhefðbundin þar sem við förum í heimsóknir í fyrirtæki eða gerum eitthvað annað sem okkur dettur í hug, þannig að næsti heimsókn okkar var í Hespuhúsið sem er opin vinnustofa og verslun. Þar tók á móti okkur

Guðrún Bjarnadóttir eigandi sem leiddi okkur í allan sannleika um hvernig hún litar lopa að mestu leiti með íslenskum jurtum, mjög fróðlegt og skemmtilegt. Þá var komið að hinu árlega Vinkvenna kvöldi Lkl Emblu, sem er stærsta fjáröflunin okkar og skemmtun um leið. Við vorum 120 hressar og kátar konur sem skemmtum okkar saman, borðuðum góðan mat, þá var tiskusýning, happdrætti og tónlist en hátindur kvöldsins var þegar við afhentum Heima spítala HSU veglega gjöf Vacsan Air CL ómskoðunartæki ásamt spjaldtölva sem tengist við síma að verðmæti rúmlega 811 þúsund krónur. Einnig notuðum við þetta kvöld til að veita tveim félögum okkar Melvins Jones viðurkenningu, þeim Margréti Jónsdóttir og Dagrúnu Másdóttir, þær eru vel að þessu komnar, mjög virkir félagar og hafa starfað lengi með klúbbnum okkar. Við fengum á



Emblur í fjósinu í Gunnbjarnarholti.



Guðrún Guðbjartsdóttir skálar við geinarahöfund í Vínstofunni, Páll bílstjóri fylgist með.



Guðrún Bjarnadóttir í Hespuhúsinu.



Á vinkvennakvöldi Anna Margrét Magnúsdóttir og Margrét Björk Ólafsdóttir frá HSU veita gjöfinni viðtölu.



Tiskusýningardömur á Vinkvennakvöldi.



Félagar úr Lkl. Selfoss þjónuðu okkur á Vinkvennakvöldinu, Ragnheiður Hergeirsdóttir var veislustjóri.



Mæðgurnar Kristín Hafsteinsdóttir og Bryndís Brynjólfssdóttir við veisluborðið sem þær buðu upp á í Lindinni þegar við heimsóttum þær.



Helt í hjá formanninum.



Pórranna formaður, Dagrún Másdóttir, Kristín gjaldkeri og Margrét Jónsdóttir.



Emblur njóta veitinga í Lindinni.




Emblur í óvissuferð

fund til okkar Christine Gísladóttir ljósmyndari sem sýndi okkur og sagði frá myndunum sínum, hún sækir mikið í Íslenska náttúru og hefur haldið sýningar hér heima og erlendis. Á síðasta fundi fórum við í heimsókn í Tískuverslunina Lindina þar sem þær mæðgur Bryndís og Kristín tóku á móti okkur af mikilli rausn, þar dvöldum við góðan tíma, mátuðum og versluðum og nutum góðra veitinga. Næsti fundur verður jólafundurinn okkar þar sem við borðum saman, fáum skemmtiatriði, skiptumst á litlum pökkum og syngjum jólalög og þá mega jólin koma.

Að lokum óskum við stelpunar í l.kl. Emblu öllum lionsfélögum og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla, árs og friðar, með þökk fyrir liðin ár, sérstakar þakkir fá þeir fjölmörgu sem stutt hafa fjáröflunar verkefni okkar með rausnarlegum framlögum.

F.h. Lionsklúbbsins Emblu, Guðmunda Auður Auðunsdóttir, blaðafulltrúi



Lionsklúbburinn Dynkur Eflum samstarf og styrkjum tengsl

Haustið hefur verið annasamt hjá Lkl. Dynk, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Klúbburinn ákvað fyrir ári að fjölga fundum úr einum í tvo í mánuði og hefur það reynst vel. Góðir gestir hafa sótt klúbbinn heim og vel heppnað fjáröflunarkvöld að baki.

Veturinn framundan er vel skipulagður. Í desember verður árlegt jólahlaðborð félaga og maka í Hestakránni á Skeiðum og í janúar stendur til að halda opinn fund í Árnesi með Stjörnu-Sævari. Þá verður sameiginlegur fundur með Lkl. Geysi og margt annað á döfinni.

Undirritaður er að heimsækja klúbba á svæði 4 fyrir hönd umdæmisstjórnar. Að baki

góðir og fjölsóttir fundir með Skjaldbreið og Selfoss og aðrir klúbbar á dagská á nýju ári. Þetta eru mikilvægar heimsóknir til að miðla og styrkja tengslin. Hef ég lagt til á fundunum að við aukum samstarf á milli nágrannaklúbba með sameiginlegum fundum og því að sækja viðburði og fjáraflanir klúbba á svæðinu.

Næg eru verkefni og margt gott sem Lions lætur af sér leiða. Nú er bara að fjölga í klúbbum og stöðva fækkunina með samstilltu átaki. Til mikils er að vinna.

Björgvin G. Sigurðsson, annar varaumdæmisstjóri 109-A og ritari Dynks.



Dynksfélagar heimsóttu Thor-Landeldi í Ölfusinu í október.



Dorothea Lubeck segir frá ferð til Mongolíu.



Bjarni Hlynur, Jökull og Sigurður á árlegu Schnitselkvöldi Dynks.



Fjölsótt Schnitselskvöld í Árnesi í nóvember.

Lionsklúbburinn Ásbjörn byrjar árið af krafti

Eftir Halldór Kristjánsson

Lionsklúbburinn Ásbjörn í Hafnarfirði hefur haldið 7 fundi á starfsárinu og hefur helmingur fundanna verið notaður til að ræða klúbbmálefni en einnig hafa verið fyrirlesarar á þeim. Þannig mætti Marta Skúladóttir frá Hagstofunni á fyrsta fund og fjallaði um hagtölur og hvernig við getum hagnýtt okkur þær í daglegu lífi.

Síðan hafa komið Díana Sjöfn Jóhannsdóttir markaðsfulltrúi Sorgarsamtakanna og flutt áhugavert erindi um samtökin. Einar Hilmisson, fyrsti varaumdæmisstjóri, kom á fimmta fundinn og flutti frábært erindi um þá vegferð sem Lions er á og hvatti okkur til dáða. Loks hélt Halldór Kristjánsson, fyrrum alþjóðastjórnarmaður, erindi um Allt um Lions á 7 fundi Ásbjarnar.

Auk þessara funda heimsótti klúbburinn Knattspyrnufélagið Haukar og hélt Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri, erindi um félagið og sögu þess. Kynnt var aðstaða félagsins og skoðað nýtt glæsilegt knattspyrnuhús Hauka. Að heimsókn lokinni voru snæddar veitingar í boði Hauka.

Lionsklúbburinn Ásbjörn hélt sitt geysivinsæla „Kótilettukvöld“ 17. október með happdrætti, harmonikuspilara og skemmtikraftinum Þórhalli Þórhallssyni sem fór með gamanmál. Skemmtunina sótti um 115 manns og voru mjög ánægðir. Ólafur Tryggvi, svæðisstjóri, kom skemmtilega á óvart með gamanmálum. Þessi skemmtun gaf af sé tæpar 700 þúsund krónur nettó.



Formleg stjórnarskipti: Frá vinstri talið Ólafur Tryggvi fráfariandi formaður, Guðni Gunnarsson viðtakandi formaður, Sigurður Berndsen fráfariandi ritari, Skúli Gunnar viðtakandi gjaldkeri og Ingi fráfariandi gjaldkeri.



Frá kótilettukvöldi Lionsklúbbsins Ásbjarnar.



Díönu Jóhannsdóttur frá Sorgarsamtökunum afhentur fáni klúbbsins.



Krakkar að pakka jólagjöfum til Mæðrastyrksnefndar.



Magnús Gunnarsson heilsar félögum við komuna í Haukahúsið.



Mörtu Skúladóttur afhentur fáni klúbbsins fyrir gott erindi.



Nokkrir Ásbirningar í Knatthúsi Hauka.



Gissur og Guðmundur að vinna að uppsetningu hliðs hjá Krýsuvík.

Fundur var haldinn á Kænunni 20. nóvember. Börn, barnabörn og barnabarnabörn pökkðu gjöfum sem fara til Mæðrastyrksnefndar. Pakkað var alls konar vetrarklæðnaði og fara gjafirnar til barna og ungmenna sem minna mega sín. Eftir pökkun og matarhlé var haldið bingó fyrir börnin og þeim færður poki með jólasalgæti að loknum fundi.

Við fengum alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar, A.P. Singh ásamt Sangeetu, alþjóðastjórnarmanns, í heimsókn 24. nóvember í trjálundinn okkar. Þar gróðursetti hann tré, eins og 25 alþjóðaforsetar á undan honum, og borðaði hákarl og drakk brennivín. Þá talaði hann um mikilvægi skógræktar og að þessi reitur okkar væri þekktur um allan

heim og hefði stuðlað að því að Lionsfélaga um allan heim hefðu gróðursett milljónir trjáa.

Klúbburinn hefur haldið bingókvöld undanfarin ár á Hrafnistu í samvinnu við Lkl. Kaldá. Á jólabingóinu sem haldið var í lok nóvember var öllum eldri borgurum gefinn pakki af súkkulaðirúsínum.

Framundan er jólafundur með mökum.

Sett var upp fjarstýrt hlið hjá Krýsuvík, gjafir afhentar Mæðrastyrksnefnd og ákvarðanir teknar um aðra styrki fyrir áramót.



Formaður Verkefnaneftdar, Þorleifur Sigurðsson afhentir gjafir til Mæðrastyrksneftdar.



Alþjóðaforseti A.P. Singh plantar tré.



Lionsklúbburinn skoðar framkvæmdir á Haukasvæðinu

Með jólakveðju frá Lionsklúbbum Úu í Mosfellsbæ

Starf klúbbsins hefur verið viðburðarrikur framan af vetri. Hefðbundnir fundir, ýmsir fyrirlesarar mætt til okkar, þ.m. Jón Pálmason með erindi um fundarstjórnun líflegt og gott erindi. Útivistin alltaf á sínum stað, ómissandi samvera félaga og gesta en þeir fundir eru óhefðbundnir. Í lok nóvember var farið í keilu í Egilshöll og var komin skemmtileg samkeppni á milli félaga. Þegar þetta er ritað eru Úur á fullu að útbúa vistvænari leiðisgreinar til sölu, ágóðinn fer í styrktarsjóð klúbbsins.

Jólafundur var haldinn 1. desember í Safnaðarheimili Lágafellssóknar í Mosfellsbæ. Hátíðarmatur keyptur frá Grillvagninum.

Sú hefð hefur skaðast á 17 ára ferli klúbbsins, að félaganefndin tekur við fundi eftir hefðbundna fundarsetningu stjórnar. Góð mæting félaga sem buðu með sér gesti. Hátíð ríkti yfir salnum sem var fallega skreyttur. Þeir Ari og Gísli, efnilegir nemendur út Tónlistaskóla Mosfellsbæjar léku á píano og sungu nokkur jólalög við fögnuð viðstaddra. Veittur var styrkur til Fjölskylduhjálpar Lágafellssóknar en við honum tók gestur okkar Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir. Lét hún falla falleg orð um hversu mikilvæg þessi gjöf sé samfélaginu í Mosfellsbæ. Margir eiga um sárt á binda.

Helga Ólafs rithöfundur sagði okkur á myndrænan og lyfandi hátt frá bók sinni, „Kötturinn Emil“ saga sem byggð er á sönnunum atbrúðum um kisu sem numin var á brott og kom í leitirnar sjö árum síðar. Félagar og gestir skiptust á jólapökkum, við mikla kátínu.

*Með hátíðarkveðju,
Félaganefnd Lkl. Úu.*





Lionsklúbbur Mosfellsbæjar, fréttir úr starfinu

Núverandi stjórn klúbbsins skipa : Brynjólfur Bjarki Jensson formaður; Bragi Ragnarsson ritari og Skafti Jóhannsson gjaldheri.

Dagskrá starfsársins hófst með útileguhelgi við Apavatn en það hefur verið árviss liður í starfi klúbbsins mörg undanfarin ár. Þarna höldum við okkar eigið golfmót sem við nefnum „Jóel exclusive“ í minningu Jóels Kr. Jóelssonar félaga okkar. Eftir golfmótið er svo sameiginleg grillveisla og gleði.

Laugardagseftirmiðdag í lok september fóru klúbbfélagar ásamt mökum og einnig vinkonur okkar í Lkl. Úu og þeirra makar í heimsókn til klúbbfélagans Magnúsar Sigsteinssonar og konu hans Mörtu Sigurðardóttur að Neistastöðum í Flóahreppi. Þar eru þau hjón skógarbændur og rækta skóg á ca 45 hekturum lands. Þennan dag var fallett veður þannig að eftir léttar veitingar og kynningu á staðnum var farið í skógargöngu. Dagskrá lauk svo með grillveislu áður en haldið var aftur heim í Mosfellsbæinn.

Í lok október héldum við sviðaveislu í Hlégarði til heiðurs íslensku sauðkindinni og íslenskum sauðfjárbúskap. Sviðin og meðlæti skaffaði veitingamaðurinn Ragnar í Höfðakaffi. Við vorum svo lánsamir að fá

formann Bændasamtaka Íslands hann Trausta Hjálmarsson, bónda í Austurhlíð í Biskupstungum til að flytja aðalræðu kvöldsins, að sjálfsögðu á léttum nótum. Á þennan fund bjóðum við með okkur gestum sem eru sógnir í svið.

Seinni fundur klúbbsins í nóvember var haldinn í höfuðstöðvum byggingafélagsins ALEFLI ehf í Mosfellsbæ. Þar tók Magnús Þór Magnússon framkvæmdastjóri ásamt þremur lykilstarfsmönnum á móti hópnum og sagði skemmtilega og fróðlega frá þessu flotta byggingafyrirtæki, sögu þess og helstu framkvæmdum. Nutum þar góðra veitinga og fórum heim býsna fróðir um margs konar mannvirkjagerð.

11. desember verður jólafundur okkar og í lok ársins keilumót í Egilshöllinni.

Læt nokkrar myndir frá Neistastöðum, sviðaveislu og ALEFLI ehf fljóta með þessum pistil.

*F.h. Lkl. Mosfellsbæjar
Magnús Þ. Sigsteinsson*



Í samræmi við starfsreglur og lög Fjöllumdæmis 109 vill Fjöllumdæmisstjórn koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjöllumdæmis og umdæmisþing þau 71. verða haldin að Laugarvatni dagana 29. og 30. maí 2026.

Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjöllumdæmis og umdæmisþingum 2026.

Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt lögum Fjöllumdæmis 109.

1) Mál og/eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi/þingi fjöllumdæmis skulu póstleggjast umdæmisstjóra/fjöllumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / þing fjöllumdæmis. (Síðasti skiladagur fyrir 71. Lionsþing er því 14. apríl 2026).

2) Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars vara umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2026 – 2027 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2026. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.

Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í alþjóðalögum Lions:

Til þess að Lionsfélagi sé talinn kjörgengur og hæfur til að vera valinn til að gegna embætti annars varaumdæmisstjóra skal hann/hún:

- 1) Vera virkur fullgildur og skuldlaus félagi í fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbi með stofnskrá í umdæminu.
- 2) Hafa tryggt sér stuðnings síns klúbbs eða meirihluta klúbba síns umdæmis.
- 3) Hafa starfað, eða kemur til með að hafa starfað, þegar hann/hún tekur við embætti annars varaumdæmisstjóra:
 - a) Sem formaður Lionsklúbbs fullt kjörtímabil eða meirihluta þess og hafa verið í stjórn Lionsklúbbssekki minna en tvö (2) ár til viðbótar; og
 - b) Sem svæðisstjóri, GET útbreiðslufulltrúi, GLT fræðslufulltrúi, GMT félagafulltrúi, GST verkefnafulltrúi, LCIF- fulltrúi, eða umdæmisritari/gjaldkeri, fullt kjörtímabil eða meirihluta þess.
 - c) Hafa ekki gegnt neinum ofangreindum embættum samtímis.
 - 4) Hafa ekki áður verið umdæmisstjóri í fullt kjörtímabil eða meiri hluta þess.

3) Tillögur um framboð til embættis fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2026 – 2027, til embættis vara fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2026 – 2027 skal senda fjöllumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2026. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjöllumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjöllumdæmisstjóra og til embættis vara fjöllumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.

4) Á þingum umdæma og fjöllumdæmis á Laugarvatni verður:

- a) Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2026 – 2027.
- b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2026 – 2027.
- c) Kosið í embætti fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2026 – 2027.
- d) Kosið í embætti vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2026 – 2027.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti fjöllumdæmisráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2026:

- | | |
|---------------------------------|-------------|
| e) GET stjóri til eins árs | 2026 – 2027 |
| f) GLT stjóri til eins árs | 2026 – 2027 |
| g) GMT stjóri til eins árs | 2026 – 2027 |
| h) GST stjóri til eins árs | 2026 – 2027 |
| i) Umhverfisstjóri til eins árs | 2026 – 2027 |

Embætti sem þarf að kjósa um á þingi fjöllumdæmis en falla ekki undir framboðsfrest:

- j) Fjöllumdæmisritari til eins árs, 2026 – 2027
- k) Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs, 2026 – 2027
- l) Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs. 2026 – 2027
- m) Aðrir þeir embættismenn sem ráðið telur nauðsynlega og skulu kosnir árlega

Embætti í liðum 4e – 4m eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Kópavogi 6. desember 2025

Anna Fr. Blöndal Fjöllumdæmisstjóri 109 2025 – 2026

Thelma Rós Kristinsdóttir Umdæmisstjóri 109 A 2025 – 2026

Aðalsteinn Hallgrímsson Umdæmisstjóri 109 B 2025 – 2026

Lionsklúbburinn Eik

Vegleg tónlistarveisla - Forvarnarstarf með ungu fólki

Föstudaginn 14. nóvember sl. hélt Lionsklúbburinn Eik í Garðabæ góðgerðarkvöld í Safnaðarheimili Vídalínskirkju. Markmið með kvöldinu var að stuðla að forvarnarstarfi með ungu fólki og þar með styrkja Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar til ljóðfærakaupa en Stórsveit skólans kom fram á góðgerðarkvöldinu ásamt nokkrum söngnemendum skólans undir stjórn Braga Vilhjálmssonar.

23. nóvember var svo formleg afhending á afrakstri kvöldsins og mættu félagar í Eik í Tónlistarskólann ásamt A.P Singh, alþjóðaforseta Lions ásamt Sangeeta til að afhenda gjöfina en á góðgerðarkvöldinu safnaðist 1.000.000 kr.

Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans bauð gesti velkomna og sagði frá skólanum. Óskar Már Jóhannsson, saxófónnemandi skólans og Sólveig Anna Jónsdóttir, píanóleikari fluttu Allegro og Sicilienne eftir J. S. Bach. Guðrún Björt Yngvadóttir, forseti Lionsklúbbsins Eikar og Laufey Jóhannsdóttir, formaður verkefnanefndar í Lionsklúbbum Eik

sögðu frá starfi klúbbsins og afhentu Braga og Guðmundi Vilhjálmssonum viðurkenningu fyrir þeirra góða starf með Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar.

A.P Singh afhenti Laufeyju Ólafsdóttur styrkinn og fallega gjöf, skjöld með friðarveggspjaldinu 2024 og einnig afhenti hann Almari Guðmundssyni bæjarstjóra skjöld og þakkaði framlag Lionsklúbbsins til menningar- og forvarnarstarfs.

Að lokum tók Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, til máls og vakti athygli á mikilvægi Lionsklúbbsins fyrir samfélagið í Garðabæ sem og starfi Tónlistarskólans. Starfsfólk Tónlistarskólans er mjög stolt af starfi Stórsveitarinnar og afar þakklát fyrir þennan höfðinglega styrk frá Lionsklúbbum Eik. Verkefnið er liður Lionsklúbbsins Eikar í að styðja við forvarnarstarf með ungu fólki á 40 ára afmælisári Eikar.

Laufey Jóhannsdóttir



Lionsklúbburinn Eik

Síðastliðið vor samþykkti Lionsklúbburinn Eik að efla til sérstaks Tónlistar- og fjáröflunarkvöldverðar og stuðla að forvörnum með ungu fólki. Tónlistar- og Fjáröflunarkvöldið tókst alveg einstaklega vel. Yfir 90 gestir mættu til að taka þátt í viðburðinum með okkur og leggja lið við fjáröflunina. Undirbúningur og vinna við góðgerðarkvöldverðinn hafði staðið yfir undanfarnar vikur. Öll sem lagt hafa hönd á plóg eiga þakkir skilið bæði einstaklingar og öll fyrirtækin.

Dagskráin var með tónlistarívaði. Stórsveit Tónlistarskólans sem hefur á að skipa yfir 20 nemendum. Með þeim komu fram fjórir einsöngs-nemendur var fyrst á dagskrá. Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður

Íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar flutti ávarp. Gissur Páll Gissurarson óperusöngvari söng svo af sinni alkunnu snilli. Hátiðarkvöldverður var borinn fram og í eftirrétt var svo Eikareftirlæti.

Allur ágóði kvöldsins rennur svo til hljóðfærakaupa hjá blásarasveit Tónlistarskóli Garðabæjar. Með þessu vill Lionsklúbburinn Eik stuðla að forvarnarstarfi með ungu fólki.

Við erum óendanlega þakklátar öllum þeim sem leggja okkar góða málefni lið.

Laufey Jóhannsdóttir Formaður verkefnanefndar



Lionsklúbburinn Eik styrkir fötluð börn í Úkraínu

Nýlega vorum við félagarnir í Lkl. Eik að vinna við verkefnið „Jól í Skókassa» og unnum við að pakka og setja saman í skókassa. Við unnum við senda frá Lkl. Eik 21 skókassa með gjöfum til fatlaðra barna í Úkraínu. Við vorum með mikið magn af sokkum, vettlingum og húfum handprjónuðu. Svo var mikið af leikföngum og dóti bæði fyrir stráka og stelpur.

Við vorum komnar með tannbursta tannkrem, hárbursta, og hreinlætis- og snyrtidót, eins vorum við með blýantar og strokleður, litabækur og stílabækur og litakassa.

Góður skammtur af innpökkuðum sleikjó og fallgu nammi. Við pökkuðum skókössum í jólapappír og lögðum allar gjafirnar í kassana. Við pökkuðum saman í 21 kassa og Laufey Jóhannsdóttir formaður verkefnanefndar og Hjördís Sigurðardóttir varaformaður fórum með sendinguna til KFUM OG K við Holtaveg sem sér um að koma kössunum til barnanna í Úkraínu.

Laufey Jóhannsdóttir

